

AUGLÝSING

um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 8.208 kr. og í 2. gr. verður leyfisgjald fyrir kött 2.697 kr. Í 4. gr. verður handsömunargjald í fyrsta skipti 4.222 kr. og eftir hvert skipti 8.208 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2004 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 19. janúar 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.